

## REGLUR

### um eiginfjárauka fyrir fjármálafyrirtæki vegna kerfisáhættu.

1. gr.

*Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki sem skylt er að viðhalda eiginfjárauka vegna kerfisáhættu samkvæmt 86. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

2. gr.

*Gildi eiginfjárauka fyrir kerfisáhættu.*

Fjármálafyrirtæki sem hafa heimild til móttöku innlána skulu viðhalda eiginfjárauka vegna kerfisáhættu sem nemur 3% af áhættugrunni, vegna innlendra áhættuskuldbindinga. Eiginfjárauk-  
anum skal einnig viðhaldið á samstæðugrunni, eftir því sem við á.

3. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru á grundvelli 1. mgr. 86. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, hafa verið samþykktar af fjármálastöðugleikanefnd og öðlast þegar gildi.

*Seðlabanka Íslands, 7. apríl 2020.*

**Ásgeir Jónsson**  
seðlabankastjóri.

**Rannveig Júníusdóttir**  
framkvæmdastjóri.